

Stjórnarfundur Kolviðar
Haldinn 13. mars 2020 að Þórunnartúni 6

Mætt: Brynjólfur Jónsson, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Jónatan Garðarsson, Rósbjörg Jónsdóttir (í fjarfundarbúnaði), Reynir Kristinsson og Ragnhildur Freysteinsdóttir (ritari).

Fundur settur kl. 10:02.

1. Fundargerð síðasta fundar 10. janúar

Fundargerð samþykkt.

2. Uppgjör 2019, staða

Tekjur aukast töluvert milli ára, eru um 45 milljónir króna árið 2019 og líkur á að verði kringum 70 milljónir króna árið 2020. Reynir fór yfir þróunina frá upphafi, þar sem sjá mátti greinileg áhrif af bankahruni 2008.

3. Samningamál

- Klappir. Fylgja þarf vel eftir skilum frá fjármunum frá Klöppum.
- Icelandair Cargo. Gerður var nýr samningur vegna fiskútflutjenda (Aquafisk) sem vildi kolefnisjafna flugið út. Áætlaðar tekjur um 3 milljónir króna á ári vegna Aquafisk. Rætt var við fulltrúa frá Brim á Loftslagsmóti og eru viðræður í gangi.
- Bílaleigur. Hingað til hefur takmarkaður fjöldi ferðamanna valið bindingu (besta nýting 5%). Ýta þarf undir að bílaleigur setji sér markmið hvað þetta varðar.
- Soffía frænka. Verið er að ganga frá samningi um plöntuflutninga. Athuga þarf hvort fyrirtækið kolefnisjafni flutningana.

4. Markaðsmál

- Reynir lagði fram lista yfir þau fyrirtæki sem kolefnisbinda nú. Fyrirtæki í útflutningi meðvituð um að hægt er að kolefnisbinda víðar. Mögulega þarf að huga að magnafslætti fyrir stóra aðila.
- Auka þarf hlutfall aspar í gróðursetningum, til að hífa bindingu upp. Ösp er nú rúm 2% af heild, en í stefnumótun er gert ráð fyrir 10-15% ösp.
- Auglýsa þarf eftir landi hentugu fyrir asparækt.
- Á rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá er verið að vinna að bindingarstuðlum fyrir trjátegundir, mögulega þarf að endurskoða staðaltréð í ljósi niðurstaðna. Von á niðurstöðu í apríl.

5. Ársfundur Kolviðar

Ákveðið að fresta fram á haust í ljósi samkomubanns. Stefnt að 26. ágúst. Nánar rætt um fundarefni og staðsetningu síðar.

6. Loftslagsdagur.

Gildir það sama og um ársfundinn – ákveðið að fresta fram á haust í ljósi samkomubanns. Stefnt að laugardeginum 29. ágúst, á Þorlákshafnarsandi.

7. Plöntukaup

- Í athugun er að kaupa plöntur af Skógræktinni, verið að athuga með fjölda og gerð.

- Samningar 2021 verða við Sólskóga og Kvista og er gert ráð fyrir 350 þúsund plöntum.
- Hækka þarf hlutfall aspar árið 2021 til að auka bindingu, en hafa þarf þó í huga að ösp kostar meira (um 120 kr. á plöntu, miða við um 55 kr. á plöntu fyrir aðrar gerðir).

8. Ræktunarlönd

- Samningur um Reykholt langt kominn – næstum klár.
- Vinna er í gangi fyrir Húsavík.
- Eigendur lands Jaðars 1 við Gullfoss komu til viðræðu – boltinn þeirra megin.
- Viðræður um land austan við Kirkjubæjarklaustur. Gott ræktarland en ekki afgirt. Landeigendur eru með girðingarmál í athugun innan sveitar.
- Í skoðun er land hjá Kópavogsbæ (upp af Lækjarbotnum, við Sandfell). Gæti verið áhugavert svæði til að sá birki, en Kolviður á 12 milljón birkifræ í fræbanka í Svíþjóð. Hugsanlega hægt að nota til að framleiða birkiplöntur í gróðrarstöðvum.

9. Áburðarmál

- Fyrirhugaðar eru viðræður við kjötmjölsframleiðendur, sem eru að leita að aðila til að taka við afurðinni.
- Fyrirhugaðar eru viðræður við Terra um moltu sem þarf að losna við.
- Í skoðun er tilraun með að grafa niður sláturúrgang frá Norðlenska og gróðursetja ofan á.

10. Vottun

- Fundað var með Skógræktinni og iCert. Reyni fannst vanta á skilning hjá iCert um skógrækt og þeirra áhugi lyti frekar að hugbúnaði til selja kolefniseiningar eins og verðbréf. Í kjölfarið var rætt við Tún vottunarstofu, sem hefur mikið verið að votta grænt bókhald og fannst Reyni mun betri skilningur þar á landbúnaði og skógrækt.
- Til samtök framleiðenda kolefniseininga – International Carbon Reduction & Offset Alliance (ICROA).
- Stefna á að því að ná fundi með Halldóri Þorgeirssyni í Loftslagsráði.
- Ef næst vottun er hægt að selja eininga til erlendra aðila.

11. Önnur mál

- Næstu fundir Kolviðar. Áætlaðir 17. apríl og 15. maí
- Votlendissjóður. Landvernd býðst til að hvetja sjóðinn til að vinna með Kolviði. Beðið eftir viðbrögðum frá sjóðnum.
- Facebook-síða Kolviðar. Er komin í loftið. Stefnt að því að pósta a.m.k. einu sinni í viku.
- Aðalfundur frá Landvernd framundan. Vætanleg umræða um notkun framandi tegunda hjá Kolviði þar. Lagt til að ársreikningar Kolviðar liggi frammi á aðalfundi Landverndar (eins og verið hefur á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands).

Fundi slitið kl. 11:34.

Fundargerð: Ragnhildur Freysteinsdóttir